

**Menningar,-íþróttá- og tómsunduraráð, MÍT**, hér eftir nefndur verkkaupi og **stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur**, hér eftir nefnd verksali, gera með sér eftirfarandi breytingar á

## **SAMNINGI**

**um rekstur og umsjón búningaástöðu að Iðavöllum 7 samkvæmt nánari skilgreiningu í samningi þessum.**

Eftirlitsaðili samnings f.h. verkkaupa er MÍT skrifstofa.

### 1. grein:

Verksali tekur að sér rekstur og umsjón búninga- og salernisaástöðu og skrifstofu knattspyrnudeildar Keflavíkur að Iðavöllum 7.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar mun sjá um að greiða rafmagn, hita og tryggingar af húsinu Allan annan kostnað s.s. hreinlætisvörur og auk þess það viðhald er verða kann vegna slæmrar umgengni, eða skemmda, sem rekja má til vanhírðu eða ógætilegra athafna aðila á vegum verksala, skal verksali greiða.

### 2. grein:

Verksali ber alla ábyrgð á og skal sjá um allt eðlilegt viðhald og hreinsun á búningsherbergjum ásamt tilheyrandi hreinlætisaástöðu og fundarherbergjum knattspyrnudeildar.

### 3. grein:

Telji eftirlitsaðilar samningsins að ekki sé rétt að málum staðið varðandi rekstur og viðhald skal tilkynna það verksala og óska eftir úrbótum hið allra fyrsta. Verði verksali ekki við þeirri ósk, skal tilkynna það verkkaupa, er kynnir sér málið. Komist verkkaupi að þeirri niðurstöðu að ábendingar eftirlitsaðila séu á rökum reistar og ef verksali sinnir ekki tilmælum til úrbóta, skal heimilt að láta framkvæma það sem nauðsyn krefur á kostnað verksala. Ef um viðhaldsverkefni eða endurbætur/lagfæringar er að ræða, skal hafa fullt samráð við eftirlitsmann fasteigna bæjarins.

### 4. grein:

Samningur þessi tekur ekki til meiri háttar endurnýjunar eða nýframkvæmda, en verði nauðsyn á slíku skal taka upp viðræður milli samningsaðila um málið. Breytingar á mannvirkjum eru ekki heimilar nema með samþykki verkkaupa og umhverfis- og tæknisviðs bæjarins. Þurfi verksali aðstoðar frá þjónustumiðstöð bæjarins, s.s. tæki eða mannafla, skal verksali greiða fyrir slíka þjónustu samkvæmt útseldum taxta þjónustumiðstöðvar hverju sinni. Fagleg ráðgjöf garðyrkjufræðings bæjarins er greidd af verkkaupa.

Aðstoð til verksala á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar skal gjaldfærð sem styrkur til knattspyrnudeildarinnar. Öll slík aðstoð skal vera í fullu samráði við yfirmann Vinnuskólans, þ.e. forvarnar- og æskulýðsfulltrúa Reykjanesbæjar.

5. grein:

Verksala er heimilt að setja upp auglýsingar á þeim svæðum sem það er með til rekstrar, en skal þó fara eftir gildandi reglum í Reykjanesbæ um auglýsingar í og við íþróttamannvirki bæjarins.

6. grein:

Gildistími samningsins er frá undirskrift hans til 31. desember 2006.

Samningsupphæð er **kr. 2.300.000.** –

Greiðslurnar skulu verðbættar með byggingavísitölu Hagstofu Íslands sem er þann 1. janúar 2006 - 316.7 stig.

Greiðslufyrirkomulag samningsverðs skal vera í fullu samráði við fjármálastjóra bæjarins og sér hann um útreikning breytinga á greiðsluupphæð til verksala, samkvæmt gildandi byggingavísitölu á hverjum tíma.

7. grein:

Mál sem kunna að rísa vegna samnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

8. grein:

Af samningi þessum eru gerð samhljóða eintök, sitt handa hvorum samningsaðila.

9. grein:

Samningur þessi gildir til 31. desember 2006 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**Gjört í Reykjanesbæ, \_\_\_\_\_ 2006**

F.h. Reykjanesbæjar

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Keflavíkur

---

---